



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN TIL SINGAPÚRS SAMSTARF UM NORÐURSLÓÐIR OG VERNDUN HAFANNA OG Í BARÁTTUNNI GEGN LOFTSLAGSBREYTINGUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú hófu í gær, miðvikudaginn 11. nóvember, þriggja daga opinbera heimsókn til Singapúrs. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra tekur einnig þátt í heimsókninni ásamt Stefáni Skjaldarsyni sendiherra Íslands gagnvart Singapúr, embættismönnum frá utanríkisráðuneyti og forsetaskrifstofu, Guðna Jóhannessyni orkumálastjóra og Georg Lárussyni forstjóra Landhelgisgæslunnar.

Eftir opinbera móttökuathöfn við forsetahöllina Istana áttu forseti Íslands og Tony Tan Keng Yam forseti Singapúrs fund þar sem m.a. var rætt um aukið samstarf á vettvangi Norðurslóða og mikilvægi þess að standa vörð um höfin og auðlindir þeirra. Báðar þjóðir byggðu afkomu sína á hafinu, þó með ólíkum hætti væri, og súrnun sjávar og ofnýting fiskistofna ógnaði heilbrigði og lífríki heimshafanna. Bráðnun jökla og íss á Norðurslóðum hefði einnig margvísleg áhrif á veðurfar, loftslag og hækkun sjávarborðs sem tefldi framtíð Singapúrs og annarra ríkja í tvísýnu.

Þá átti forseti jafnframt fund með Lee Hsien Loong forsætisráðherra Singapúrs. Á fundinum kom fram eindreginn vilji stjórnvalda í Singapúr til að auka samstarf við Íslendinga og efla þátttöku sína í málefnum

Norðurslóða. Þá var einnig rætt um árangur Íslendinga í glímunni við afleiðingar fjármálakreppunnar.

Heimsóknin til Singapúrs hófst í gærmorgun þegar forsetahjón og fyldarlið heimsóttu Þjóðargrasagarð Singapúrs þar sem sérstakt afbrigði orkídeu var sýnt og nefnt eftir forsetahjónum Dendodrium Grímsson-Moussaieff. Hefð er fyrir því að nefna sérstök afbrigði í höfuð á þjóðarleiðtogum sem heimsækja Singapur. Alls munu vera um 60.000 orkídeur í grasagarðinum, 2000 mismunandi afbrigði og af þeim hafa um 500 verið sérstaklega ræktuð í rannsóknarstofum garðsins en það ferli tekur um fimm ár.

Í kjölfarið heimsóttu forseti, utanríkisráðherra og íslenska sendinefndin höfnina í Singapur og hlýddu á kynningu hafnarstjórnar og fulltrúa stjórnvalda á gríðarlega umfangsmikilli starfsemi þessarar heimshafnar sem kalla má meginundirstöðu atvinnulífs í Singapur og gegnir lykilhlutverki í vöruflutningum veraldar. Hafnaryfirvöld lýstu sérstaklega þeim aðferðum sem þróaðar hafa verið til að glíma við olíumengunarslys á sjó. Singapur hefur m.a. kynnt þá vinnu á fundum Norðurskautsráðsins en landið hefur áheyrnaraðild að ráðinu. Í fundunum með hafnaryfirvöldum tóku einnig þátt Georg Lárusson forstjóri Landhelgisgæslunnar og fleiri fulltrúar Íslands.

Í gærkvöldi buðu forsetahjón Singapur til hátíðarkvöldverðar í forsetahöllinni til heiðurs forseta Íslands og forsetafrú. Ræðu forseta í kvöldverðinum má nálgast á heimasíðu embættisins.

Í dag, fimmtudaginn 12. nóvember, hófst ráðstefna sem stjórnvöld í Singapur og Hringborð Norðurslóða - Arctic Circle bjóða til í sameiningu. Forseti Íslands flutti opnunarræðu ásamt Teo Chee Hean innanríkisráðherra Singapúrs. Á málþinginu er m.a. fjallað um lagalega umgjörð siglinga á Norðurslóðum, fjárfestingar í innviðum samfélaga á Norðurslóðum, alþjóðlega samvinnu á sviði vísinda og rannsókna á Norðurslóðum og hvernig auka megi og efla alþjóðlega samvinnu um málefni Norðurslóða. Meðal ræðumanna eru Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, Sam Tan ráðherra mannauðsmála í Singapur og sérstakur fulltrúi ríkisstjórnar Singapur á vettvangi Norðurslóða, Georg Lárusson forstjóri Landhelgisgæslunnar, Guðni Jóhannesson orkumálastjóri, Hafsteinn Helgason frá verkfræðistofunni Eflu og Scott Minerð stjórnandi Guggenheim. Að auki taka þar þátt fulltrúar stjórnvalda í Singapur, áhrifamenn um þróun siglingaleiða, vísindamenn og forystumenn á sviði stefnumótunar og fjárfestinga á Norðurslóðum. Þátttakendur koma m.a. frá Bandaríkjunum, Kanada, Rússlandi, Japan, Kóreu, Noregi og Póllandi auk Íslands og Singapúr. Nánari upplýsingar

um dagskrá ráðstefnunnar má finna á heimasíðu Hringborðs Norðurslóða, www.arcticcircle.org.

Heimsókn forsetahjóna til Singapúrs lýkur á morgun, föstudaginn 13. nóvember með fjölþætti dagskrá. Forseti Íslands mun m.a. heimsækja Þjóðarháskóla Singapúrs, National University of Singapore, ræða við forystumenn skólans og loks flytja fyrirlestur og svara fyrirspurnum nemenda. Fyrirlestur forseta ber heitið Clean Energy, Climate and the Arctic.

12. nóvember 2015

Myndir frá heimsókn forseta til Singapúrs má nálgast á heimasíðu embættisins, www.forseti.is.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).